

REGLUGERÐ

um niðurfellingu á reglugerð nr. 221 20. maí 1976 um framleiðslu, eftirlit og útflutning á lagmeti.

1. gr.

Með því að sjávarútvegssráðuneytið hefur hinn 17. apríl 1980 gefið út reglugerð um eftirlit, framleiðslu og útflutning á lagmeti, fellur framangreind reglugerð nr. 221 20. maí 1976 úr gildi hinn 1. júlí 1980, nema II. kafli hennar, sem fellur úr gildi 1. maí 1981.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 21. apríl 1980.

Hjörleifur Guttormsson.

Gísli Einarsson.

17. apríl 1980.

Nr. 238.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Miðneshreppi í Gullbringusýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir á skipulögðu svæði í Miðneshreppi eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðagjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.

3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hundraðshluta af byggingarkostnaði á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús, tvíbýlishús	1.5%
Tveggja hæða raðhús, og íbúðarhús	1.0%
Fjölbýlishús	0.5%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1.5%
Iðnaðarhús, vöruskemmur og annað atvinnuhúsnaði	0.5%
Opinberar byggingar	1.5%
Bílskúrar	1.5%
Önnur hús	0.5%

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða kr. 140 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss, skv. samþykktum uppdrætti. Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur, og skal þá miða við stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi skal miða við eftirtaldir lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m ³
Raðhús, tvíbýlishús, samb. einbýlishús hver íbúð	400 m ³
Fjölbýlishús	300 m ³

Í atvinnuhúsnaði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalda miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda, ef hús er stækkað, að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast árlega samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir 1. mars ár hvert.

Grunntölur þær, sem nefndar eru í 3. gr. miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar sem var í gildi 1. mars 1979.

5. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkv. 3. gr. hvern fyrir sig, eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

6. gr.

Gjald dagar gatnagerðargjalds skulu samkv. 3. gr. vera samkvæmt eftirfarandi: Úthlutun er háð því, að full skil verði gerð innan ákveðins frests, áður en byggingarleyfið verður veitt eða sérstakur samningur gerður um greiðslur.

7. gr.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, þ. e. a. s. að lóð fellur aftur til sveitarfélagsins hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema veitingin hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

Noti lóðarhafi ekki veitta lóð skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi svo sem hér segir:

Eftir 6 mánuði endurgreiðast 50%.

Eftirstöðvar greiðast eftir 12 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt, þegar greiðsla samkvæmt þeirri úthlutun fer fram.

8. gr.

Gatnagerðargjaldi fylg'r lögveð í fasteign þeirri, sem lagt er á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til vátryggingafjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkv. reglugerð þessari lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Miðneshrepps Gullbringusýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 17. apríl 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.